



Fjölbautaskóli Suðurlands

## Inniklæðningar

INNK2HH05

Kennsluáætlun – vor 2020

**Kennari/ar:** Óskar G. Jónsson

**Skammstöfun:** ÓGJ

### Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðurhengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrými. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranrveggi og hljóðeinangrun húsa. Kennslan er að mestu bókleg og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

### Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp létt veggi úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp létt veggi í votrýmum
- Þekki til mismunandi kefisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúnað

### Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrit, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. Legg til að nemendur eignist bókina Gifsplötur uppsetning veggja.

### Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinna og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 2	1 til 10 jan.		
3 – 4	13 til 24 jan		Verkefni
5 – 6	27 til 07 feb.		
7 – 8	10 til 21 feb.		Verkefni
9 – 10	24 til 06. mars		Verkefni
11 –12	9 til 20 mars		Verkefni
13 -14	23 til 3. Apríl.		Verkefni
15 -16	06 til 17 apríl	Páskafrí 04 til 14. Apríl.	
17-18	20 til 01 júní		Verkefni 3

## **Námsmat:**

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þáttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um hverju sinni og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína á námsefninu.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tínum.

## **Fyrirkomulag námsmats:**

<b>Næting</b>	<b>10%</b>
<b>Þátttaka í tínum, rökræða 15 %</b>	
<b>Teikningar af lofti</b>	<b>10%</b>
<b>Teikningar af vegg</b>	<b>10%</b>
<b>Magntaka</b>	<b>15 %</b>
<b>Verkefni 1</b>	<b>15 %</b>
<b>Verkefni 2</b>	<b>15 %</b>
<b>Verkefni 3</b>	<b>20 %</b>

**Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.**